

Raspúfin

Framhald af bls. 15

ið að titra, og því næst lauk hann auganu upp. Bæði augu Rasputins stóðu á mig — græn eins og í slöngu — og lýstu djöfullegu hatri. Blóðið staðnaði í æðum mínum. Vöðvar mínir urðu að steini. Ég ætlaði að flýja, kalla á hjálp, en fætur mínir neituðu að hlýða mér, og ekkert hljóð barst yfir árir mínar. Það var eins og ég væri negldur við gólfíð.

Svo kom dálítið hræðilegt fyrir. Allt í einu rykkti Rasputin sér á fætur. Froðan stóð út úr munninum á honum. Óskur bergmálaði um hvelfinguna. Í æði baðaði hann út handleggjunum. Hann ætlaði að taka um kverkar mér og réðst á mig ... Ofsaleg átök hófust ...

Nú varð mér ljóst, hver Rasputin var í raun og veru. Hann var Satan endurholdgaður, og hélt mér í klóm sínum. Og hann ætlaði að halda mér föstum til daganna enda ...

En Yussuopv tókst að losa sig og hlaupa upp og sækja Purichkewitch, og á meðan drógst dauðamaðurinn áfram upp á þrep og út um dyr, sem Yuupov sver og sárt við leggur að hafi verið harðlæstar. Úti í garðinum hittu hann fjórar kúlur frá skambyssu Purichkewitch og hann hneig niður í snjóskafi. Þegar samsærismennirnir sneru til baka, vöfðu þeir Rasputin inn í svart klæði, óku út á brú yfir Nevu og köstuðu honum í fljótið, til þess að vera vissir um, að hann væri steindauður.

Og þessi var hinn ömurlegi endir á ævintýralegu lífshlaupi Gregoríj Jefimowitch Rasputins. Ef maður væri dálítið hjátrúarfullur, mætti hallast að því, að atburðirnir, sem á eftir fóru í Rússlandi, hafi sannað spádóma hans: „Þegar ég er úr sögunni, munu dagar Romanows konungsaettarinnar verða taldir.“

Rætt við Svein Björnsson

Framhald af bls. 10

séu ekki 20 sýningar úti á landi, 10 í Reykjavík og Firdingum og þrjár einkasýningar í Danmörku. Síðast sýndi ég nokkrar flennistórar vatnslitamyndir í Norræna húsinu. En það eru nú liðin fjögur ár síðan. Þetta er talsvert, en það er þannig með mig, að því meira sem ég vinn, þeim mun meiri vex áhuginn og löngunin. Annars get ég alveg fallizt á, að ég hafi sýnt full oft. Það fer nefnilega í taugarnar á sumum, ef maður er of duglegur.

Lesbók Morgunbladsins

Útgefandi: H.F. Arvaker, Reykjavík
Framks. stj.: Haraldur Sveinsson
Rústjórnar: Matthías Johannessen
Stjarnir Gunnarsson
Rústj. fltr.: Gísli Sigurðsson
Auglýsingar: Arni Garðar Kristinnsson
Rústjórn: Aðalstræti 6, Sími 10100

Rætt við Sigríði Rögnu

Framhald af bls. 5

hvenær hefur þá fjölskyldan tíma til að vera saman? Eg er ekki í nokkrum vafa um, að heimilislífið fer mjög mikils á mis, þegar konan vinnur úti, hjónin hafa lítinn tíma til að tala saman, og allur þessi hraði og hlaup hefur áreiðanlega slæm áhrif á börnin. Foreldrarinn mega ekki vera að því að sinna þeim, og þau verða að lokum fráhræfð heimilinu.

— En gerir það ekki börnin of háð móðurinni, ef þau eru alltaf undir verndarvæng hennar?

— Það getur verið hættu á því, og ég held að það sé hverju barni hollt að komast á leiksóla, og vera samvistum við önnur börn. Og auðvitað ættu feðurnir að nota hvern þann tíma sem gefst til að vera með börnunum, og eftir að þau eru farin að stálpast, getur faðirinn séð um þau alveg á sama hátt og móðirin, og stundum kannski betur. Hins vegar held ég að það sé rangt, sem ég hef stundum heyrt, að það geri börnin endilega ósjálfstæð að hafa móðurina heima. Einmitt með því að hafa aðhald á heimilinu, lærist þeim, að þau hafa þar skyldum að gegna. Þeim eru smáum saman kenndar umgengnisreglur og rétt handtök við einföld húsverk, og verða sér með tímanum metvitandi um, að þau eru sjálfstæðir einstaklingar, í stað þess að fá ábyrgðartilfinningu miklu fyrr en þau geta risið undir henni.

— En hvað um konuna sjálfa? Verður hún ekki dálítið ósjálfstæð með því að vera alltaf heima, og þurfa m.a. að fá alla peninga hjá eiginmanninum?

— Eg kveið mikið fyrir þessu, þegar ég hætti að vinna, en svo komum við hjónin okkur saman um, að ég fengi ákveðið kaup fyrir heimilisstörfin, að visu ekki háar upphæðir, en nóg til þess, að ég þyrfti ekki að biðja manninn minn um peninga fyrir afmælisgjöfum handa honum til dæmis. Það voru auðvitað mikil viðbrigð fyrir manneskju eins og mig, sem hef unnið úti í 10 ár, að hafa allt í einu enga peninga til eigin þarfa. En þetta hefur sem sagt tekizt ágætlega. Ég fæ ákveðna upphæð fyrir heimilisútgjöldum og aðra fyrir sjálfa mig, og svo geng ég bara um með tvær buddur.

Kíkir Galileos

Framhald af bls. 3

um að afsala okkur, margvísleg þægindi, draumsýnir, margar fargar, en ónýtar lausnir.

En einu verðum við að halda, og það er þolinmæðin. Ef okkur brestur þrautseigjuna, hið lengra sjónarmið, leggjum við niður vísindalega og siðferðilega málkvarða okkar — og látum „verkfæri“, „málpipur og „dulin öfl“ leysa manneskjuna af hólm, og smækkum allan heiminn, ólgandi og sundurleitan, niður í eigin hrepp, þá höfum við og valið ógæfuna af fúsum og frjálsum vilja. Þá hæfir ekki lengur að tala um frelsisstríð, réttlát stríð eða köld stríð — þá verður aðeins eitt orð eftir um þetta: Stríðið.

Mildur?

Já, en ekki við fitu og matarleifar.

Palmolive-uppvottalögurinn er mjög áhrifamikill og gerir uppvottinn ljómandi hreinan og skínandi — jafnvel þótt þér þurrkið ekki af ílátunum.

Jafnframt er efnasamsetningin í Palmolive þannig, að hann er mjög mildur fyrir hendurnar. Prófið sjálf...

Palmolive í uppvottinn

